

Nr. 070 / 09 Sigurvon**Strandar á Engeyjarri**

Skipaskr.nr. 9839
Smíðaður: Hvergerði 1994 plast
Stærð: 3,85 brl. 5,28 bt.
Mesta lengd: 7,92 m Skráð lengd: 7,90 m
Breidd: 2,73 m Dýpt: 0,96 m
Vél:
Fjöldi skipverja: 5

Gögn:
Gögn RNS



Sigurvon ©Brokey.is

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. júlí 2009 var seglbáturinn Sigurvon á siglingu á ytri-höfninni í Reykjavík. Veður: N 6-7 m/sek., djúprista um 2,5 metrar.

Verið var að halda námskeið í stjórnun seglbáts en við það missti formaður athygli á staðsetningu bátsins með þeim afleiðingum að hann strandaði á Engeyjarri. Nemendurnir, fyrir utan formann, voru fluttir yfir í björgunarskipið Ásgrím St. Björnsson sem kom á staðinn og var Sigurvon dregin á flot óskemmd á aðfallinu.

Við rannsókn kom fram:

- að nemendurnir um borð voru í sinni annarri kennslusiglingu og því óvanir;
- að formaður kvaðst hafa verið að æfa nemendur í meðferð segla og siglt ýmsar stefnur allt frá lensi og liðugum vindi að beitivindi. Þegar þeir voru að æfa stagvendingu þurfti hann að segja nemendunum, við stjórn seglanna, mikið til verka og við það hefði hann misst athygli á staðsetningu bátsins með þeim afleiðingum að hann sigldi upp í Engeyjarri;
- að skútan strandaði um 150 metra fyrir innan Engeyjarribsbaujuna eða mitt á milli baujunnar og fjöruborðsins á rifinu miðað við sjávarstöðu;
- að sjókort af svæðinu var til um borð;
- að formaður kvaðst hafa verið óvanur skútunni en nýlega var bætt undir kjöllinn á henni sem gerði hana djúpristari en þeirri sem hann var vanur;
- að formaðurinn hafði æft siglingar á þessu svæði í um 4 ár.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök strandsins vera þá að stjórnandinn fylgdist ekki nægjanlega vel með siglingu og staðsetningu skútunnar.